

Vinnureglur FEIF við kynbótadóma.

1. Járninga reglur.

- Færri en átta ferðir riðnar þegar skeifa fer af > má koma aftur og klára sýningu.
- Átta ferðir eða fleiri riðnar þegar skeifa fer af > kemur aðeins á yfirlitssýningu.
- Skeifa af á yfirlitssýningu > getur komið aftur og klárað sýninguna.

2. Reglur um reiðdóm.

- Færri en sex ferðir riðnar þegar ákveðið er að hætta af ófyrirséðum ástæðum > dómur ógildur.
- Sex ferðir eða fleiri riðnar > dómur gildur.
- Meira en hálf langhlið riðin > langhliðin talin með sem ein ferð.

3. Rakstur hrossa er leyfður, þó er bannað að raka andlit, eyru og fætur.

4. Hægt og greitt, tölt og stökk á yfirlitssýningum.

- Ef ná á einkunn hærra en 8,0 fyrir tölt og stökk, verður að sýna bæði hæga og greiða ferð á gangtegundunum á yfirlitssýningum.

5. Til að bæta mat á samstarfsvilja og þjálfni skal, fyrir hærri einkunnir fyrir vilja og geðslag, horft til þess að hrossið sé hægt niður á fet í viðsnúningum á brautarendum. Ef ekki er hægt að hægja hrossið niður og snúa við innan afmörkunar brautarinnar, þá er 8.0 hámarks einkunn fyrir vilja og geðslag. Þó má gera undantekningu þegar um sýningu á mjög greiðu stökki og skeiði er að ræða svo fremi að niðurhægingin sé mjúk og átakalaus. Hverfi hross úr sjónsviði dómara eða sýnir mikla óþjálfni er 7.0 hámarkseinkunn fyrir vilja og geðslag. Til að hljóta hækkun fyrir vilja og geðslag á yfirlitssýningu þarf að sýna greinilega fram á að hægt sé að hægja hrossið mjúkt og átakalaust niður innan afmörkunar brautarinnar.

6. Þegar einkunnir 8.5 eða hærri eru gefnar fyrir skeið skal hestinum greinilega riðið á stökki í aðdraganda skeiðsins og hann tekinn niður á skeið af stökki. Einnig skal horft til þess að hesturinn sé í jafnvægi í niðurhægingu.

7. Yfirlitssýning verður ekki riðin með utanaðkomandi hrossi. Þ.e.a.s. hrossi sem ekki er skráð á sýninguna er óheimilt að ríða með hrossi úr sýningunni á yfirlitssýningu.

8. Í byggingardómi er bannað að hófar séu málaðir eða klístraðir.

9. Teygjur í faxi eru bannaðar.

10. Réttleika dómar.

- Við dóma á réttleika skal sú regla viðhöfð að gefa ekki hærri einkunn en 7,5 ef hrossið brokkar ekki í teygingu og/eða svo illa er staðið að teygingu að erfitt sé að sjá réttleikann fullkomlega.

11. Mat á samræmi: Til að hljóta 8.5 eða hærra fyrir samræmi þurfa stóðhestar að hafa að lágmarki 35 cm í breidd um brjóst og hryssur 34 cm.

- 12.** Komi knapi ekki með hest til áverkaskoðunar eftir sýningu, skal dómur falla niður og knapa veitt áminning.
- 13.** Við sköpulagsdóma skal ætíð hafa eldri dóma við hendina ef um þá er að ræða.
- 14.** Fóðrun hrossa er óleyfileg í sköpulags- eða reiðdómi.